



Borgarráð

Tillaga um greiðslu desemberuppbótar árið 2019

Lagt er til að borgarráð samþykki að desemberuppbót fyrir árið 2019 verði að upphæð 100.100 kr. miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Óskað eftir heimild til þess að greiða uppbótina út þann 1. desember næstkomandi.

Greinagerð:

Desemberuppbót skal greiða 1. desember ár hvert samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og upphæð miðast við fullt starf. Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda desemberuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum samkvæmt öðrum ákvæðum kjarasamningsins.

Kjarasamningar Reykjavíkurborgar hafa verið lausir frá 1. apríl síðast liðnum og er því ósamið um fjárhæð desemberuppbótar fyrir árið 2019. Í kjarasamningum sem giltu til 31. mars var desemberuppbót 97.100 kr. fyrir árið 2018 og því er um 3000 kr. hækkun að ræða.

Dagur B. Eggertsson